


# TVÖFALDIR ÞÆFÐIR INNISKÓR



SADNES  
GARN

KILDE TIL KREATIVTET SIDEN 1888



## TVÖFALDIR ÞÆFÐIR INNISKÓR

### SKÓSTÆRÐIR

(25/26) 27/28 (29/30)

31/32 (33/34) 36/37

(38/39) 40/42 (44/46)

### Heildarlengd fyrir þæfingu

(22) 25 (26) 28 (30) 32 (36) 38 (42) sm.

### Heildarlengd eftir þæfingu

U.þ.b. (15) 17 (18) 19 (21) 23 (25) 28 (30) sm.

### GARN

Fritidsgarn (100 % norsk ull, 50 grömm = u.þ.b. 70 metrar)

Ljósdrappað yrjótt 2641/Koxsgrátt 1088:

(100) 150 (150) 150 (200) 200 (200) 250 (250) grömm.

**Prjónar:** Hringprjónn og sokkaprjónar nr. 5,5

Prjónanætur, prjónamerki

**Prjónfesta:** 15 lykkjur sléttprjón á prjóna nr. 5,5 = 10 sm.

Fitjið upp (66) 66 (68) 72 (72) 74 (76) 78 (80) lykkjur á hringprjón nr. 5,5.

Prjónið (18) 19 (20) 22 (23) 25 (27) 29 (30) umferðir slétt í hring.

Látið fyrstu (33) 33 (34) 36 (36) 37 (38) 39 (40) fyrstu lykkjurnar á prjónanælu fyrir innri sokkinn.

Prjónið yfir hinar (33) 33 (34) 36 (36) 37 (38) 39 (40) lykkjurnar og fitjið upp (3) 4 (4) 4 (5) 5 (6) 6 (8) lykkjur í lok umferðar = ofan á ristinni = (36) 37 (38) 40 (41) 42 (44) 45 (48) lykkjur á prjóninum.

Látið prjónamerki 2 lykkjum fyrir framan nýju lykkjurnar, umferðin byrjar hér.

Prjónið í hring (3) 3 (4) 5 (5) 6 (6) 6 (7) umferðir slétt.

### TAKIÐ ÚR ÞANNIG

Prjónið 1 lykkju, \*prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið (1) 2 (2) 2 (3) 3 (4) 4 (6) lykkju, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið slétt út umferðina\*.

Prjónið (3) 3 (4) 4 (4) 5 (5) 5 (6) umferðir.

Endurtakið úrtöku frá \*til\* 1 sinni til viðbótar = (32) 33 (34) 36 (37) 38 (40) 41 (44) lykkjur á prjóninum.

Prjónið (10) 14 (16) 16 (20) 20 (22) 24 (25) umferðir, í **síðustu umferðinni** eru teknar úr (0) 1 (2) 0 (1) 2 (0) 1 (0) lykkjur jafnað um umferðina.

Skiptið lykkjunum á 4 sokkaprjóna. Umferðin byrjar í miðju ofan á ristinni.

### TAKIÐ ÚR FYRIR TÁM ÞANNIG

\*1. prjónn: prjónið þar til eftir eru 3 lykkjur á prjóninum, prjónið 2 lykkjur saman 1 slétt .

2. prjónn: prjónið 1 lykkju, 2 lykkjur saman, klárið prjóninn.

3. prjónn: Prjónið eins og 1. prjón.

4. prjónn: Prjónið eins og 2. prjón. Prjónið 1 umferð.\*

Endurtakið frá \*til\*, þar til eftir eru 24 lykkjur.

Prjónið 2 lykkjur saman allan hringinn. Prjónið 1 umferð.

Takið úr 1 lykkju á hverjum prjón = 8 lykkjur á prjónunum.

Klippað frá og dragið garnið gegnum lykkjurnar sem eftir eru.

Færið lykkjurnar sem geymdar voru yfir á sokkaprjóna nr. 5,5 og prjónið eins og ytri sokkinn.

Prjónið annan skó eins.

### FRÁGANGUR

Saumið uppfitjunarkantinn saman (hæll).

### SVONA ER ÞÆFT

Látið skóna eina í þvottavélina (ekki þvo annað með), veljið venjulegt þvottaþrógramm á 40°, notið venjulegt þvottaefni (ekki til að hvítta). Takið skóna úr vélinni og mótið þá meðan þeir eru blautir.

Gott að móta þá eftir fótunum sem eiga að nota skóna.

Látið þá þorna flata.